

Skipulagsfulltrúi

Vesturbyggð

Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Reykjavík 11. mars 2019
UST201901-159/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hvestuvirkjun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 17.janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hvestuvirkjunar.

Í upphafi greinargerðar kemur fram að í gildi er deiliskipulag Hvestuvirkjunar samþ. 12. nóvember 2003. Ofangreind tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hvestuvirkjunar gerir ráð fyrir nýrri virkjun í Hvestuá, Hvestuvirkjun 2, neðan virkjunar Þverár og Hvestuár í Hvestudal við Arnarfjörð sem er frá 2003.

Á uppdrætti kemur fram að nýjar framkvæmdir sem áætlaðar eru í tillögunni verða allar neðst á virkjanasvæðinu. Áætlað er að byggja nýja stíflu 25 m langa, 18 m yfir sjó, rétt fyrir neðan núverandi rafstöð, leggja nýja stofnlögn meðfram á og í nýtt 50 m² rafstöðvarhús. Einnig er gert ráð fyrir nýjum vegi vestan ár, en núverandi vegur sem er austan ár verður aflagður. Ofangreindar framkvæmdir munu hafa mikið rask í för með sér, en þar sem eldri virkjun er á svæðinu, er framkvæmdasvæðið þegar raskað svæði.

Náttúruminjar


Eins og fram kemur er svæðið þar sem Hvestuvirkjun er á náttúruminjaskrá nr. 340. En í skránni segir: „*Ketildalir í Arnarfirði, Vesturbyggð, V-Barðastrandarsýslu. (1) Mörk liggja frá Hólnatöngum sunnan Kópavíkur upp á topp Nyrðra-Lágnafalls og þaðan til suðausturs um vatnaskil milli Arnarfjarðar og Tálknafjarðar. Í austri liggja mörk eftir vatnaskilum um Hest og Hvestunúp og þaðan niður í sjó við Gölt. Mörkin liggja að mestu um hreppamörk hins forna Ketildalahrepps (2) Sérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhníþra hamraffalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi.*“


Hvestudalur þar sem Hvestuvirkjun er staðsett, er austasti dalur Ketildala. Eins og fram kemur í texta náttúruminjaskrár er um sérkennilegt og óvenjulegt svæði að ræða. Þar af leiðandi er mikilvægt að vandað verði til allra framkvæmda og að forðast verði allt óþarfa rask. Mikilvægt er að forðast öll neikvæð sjónræn áhrif eins og kostur er, að mati

stofnunarinnar. Einnig telur stofnunin mikilvægt að frágangur á eldri aflögðum vegi falli inn í umhverfið hvað gróður og ásýnd varðar.

Umhverfisstofnun tekur undir það að stækkun Hvestuvirkjunar er tilkynningaskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur




Axel Benediktsson
Sérfræðingur